

Aima SchHh!

Höfundur texta og mynda: Bolatta Silis-Høegh
Milik Publishing, 2014

Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlau-
na Norðurlandaráðs 2016.

Sögupráður: Sagan fjallar um Aimu sem á að fara í háttinn. Hvernig fer þegar ósýnilegi vinur hennar Manna kemur í heimsókn einmitt þegar hún á að fara í sofa? Hvað dettur okkur í hug að gera með ósýnilegum vinum okkar?

Efnisorð: Daglegt líf, kvöldverk, hugmyndaflug, vinátta

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvað gera þau Aima og Manna?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna: Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Gerir þú eins og Aima þegar þú átt að fara að sofa? Teiknaðu það sem þú gerir áður en þú ferð að sofa.
3. Áttu þykjustuvin? Segðu frá honum/henni! Hvernig væri þykjustuvinur þinn ef þú ættir hann?
3. Í bókinni er stórkostlegur litahæimur! Finndu eins marga liti og þú getur, hvað finnurðu marga?
4. Manna syngur í bókinni. Syngið saman alls konar lög; rokk, óperu, uppáhaldslögin ykkar og jafnvel jólalag. Ræðið lögin, hvaða lag fannst ykkur skemmtilegast?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Manna heitir fullu nafni Mannarsi Pandetage Isbo Sodavagn Chokolarsen. Hvað myndirðu vilja heita ef þú fengir að heita svona mörgum nöfnum? Skrifðu nafnið!
2. Fáðu hugmyndir í bókinni og skrifaðu sögu. Sagan þín á að vera um hval, prump og einhver sem hrjóta.



3. Teiknaðu og litaðu heiminn og geiminn þegar allir sofa; húsin, fólkið, sólina, tunglið og allt í kring. Ef þú vilt geturðu sótt hugmyndir í öftustu opnunna þar sem stendur góða nótt.

STOR

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Hvað getum við tekið til bragðs þegar við getum ekki sofnað? Hver eru fimm bestu ráðin þín? Ræðið saman tvö og tvö.
3. Veldu opnu í bókinni sem þér finnst skemmtileg, þar sem andrúmsloftið höfðar til þín. Skrifðu stutt ljóð um opnunna.
4. Á opnunni á bls. 26-27 eru norðurljós. Hefurðu einhvern tíma séð þau í alvöru? Hvað veistu um norðurljós? Búðu til fróðleiksmola um þau.
5. Skoðaðu myndirnar. Hvers vegna heldurðu að myndahöfundurinn hafi ákveðið að sýna ekki mynd af foreldrunum? Þú getur hugsanlega borið bókina saman við Aima mæder Fjeldets Moder eftir sama höfund.
6. Hvað er klukkan hjá þér þegar hún er níu um kvöld á Grænlandi? Hvað er klukkan á hinum Norðurlöndunum?
7. Kynntu þér hvað Grænland heitir á grænlensku og hvað nafnið þýðir.

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:
Aima møder Fjeldets Moder. Höfundur: Bolatta Silis-Høegh

MÁLAMOLI:

"Góða nótt"

sænska	danska	norska	íslenska	færeyska	grænlenka	finnska	norðursamíska
God natt	Godnat	God natt	Góða nótt	Góða nátt	Sinilluarit	Hyvää yöttä	Buorre idjá



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)